

Annata Business Analytics


fyrir Microsoft Dynamics AX og Dynamics NAV

Undanfarin ár hafa greindarlausnir (e. Business Intelligence) og OLAP teningar sannað sig sem ómissandi verkfæri fyrir stjórnendur. Lausnir af þessu tagi hafa hjálpað fyrirtækjum að vinna betur úr þeim mikla hafsþjó gagna sem er vistaður í upplýsingakerfum þeirra.

Flestir eru sammála um að greindarlausnir hafa í gegnum tíðina uppfyllt þörf stjórnenda eftir upplýsingum um liðna atburði. Hins vegar hefur þörfin farið vaxandi á undanförunum árum eftir auknum sveigjanleika í meðhöndlun og á framsetningu gagna, svo hægt sé að leiða fram mælikvarða sem hjálpa til við ákvörðunartökur og framkvæma spár og næmnigreiningar til að sjá fyrir mögulegar sviðsmyndir.

Notendastýrðar flokkanir

Áherslan hefur því beinst að stöðluðum greiningarlausnum sem bjóða upp á fyrirfram skilgreind gagnaundirlög, skýrslur og líkön með fyrirfram skilgreindum víddum og mælikvörðum.




Annata hefur síðan 2003 þróað greiningarlausnir af þessu tagi fyrir Dynamics AX og Dynamics NAV upplýsingakerfin. Með **Business Analytics** er leitast við að auka sveigjanleika þeirra sem nota lausnirnar á framsetningu gagna. Það er gert með aðgengilegum skjámyndum sem hluta af notendaviðmóti viðkomandi upplýsingakerfis. Um er að ræða hreinar viðbætur við kerfin sem hafa engin áhrif á virkni þeirra en opna engu að síður á möguleikann til að flokka og setja fram grunnöggn í kerfinu á mismunandi hátt.

Business Analytics frá Annata býður upp á eftirfarandi möguleika:

- **Uppsetning fjárhagsskýrsla:** Notendur geta skilgreint hvernig fjárhagsskýrslur þeir geta séð í fjárhagsteningi. Þeir geta flokkað bókhaldslyklana í kerfinu eftir eigin höfði með því að stilla upp viðeigandi fyrisögnum og millifyrisögnum og tilgreina svo hvaða lykjar eiga að falla undir þær með vali úr bókhaldslyklatöflunni. Þannig má á þægilegan hátt búa til nokkur

afbrigði af skýrslum sem nýta ýmist alla eða hluta þeirra bókhaldslykla sem til eru í upplýsingakerfi fyrirtækisins.

- **Uppsetning lykilvera úr birgðabókhaldi:** Búa má til vöruflokkunar sem eru óháðar vöruflokkum í birgðabókhaldi. Þessi flokkunarmöguleiki er gagnlegur og öflugur þegar áhugi er fyrir hendi að skoða saman tilteknar vörur án tillits til þess hvaða vöruflokkum þær tilheyra. Hægt er að búa til hópa af vörum sem hafa mismunandi tilgang. Einnig má flokka saman vörur sem hafa svipaða eiginleika en tilheyra að öðru leyti mismunandi vöruflokkum, vörur sem gjarnan eru keyptar saman (til dæmis pasta og pastasósa) eða jafnvel flokka vörur eftir því hvaða vörustjóri ber ábyrgð á þeim.



Business Analytics í NAV

- **Flokkunar á fjárhagsviddum:** Fyrirtæki eru misdugleg við að nýta sér fjárhagsviddir. Oft er ein vidd nýtt fyrir deild eða svið, önnur fyrir verkefni eða kostnaðarstað og sú þriðja nýtt fyrir málefni. Eftir því sem tíminn líður er viss hættu á að óreiða skapist innan viddanna sem kallar eftir möguleika til að flokka stök innan einstakra vídda. Því er flokkun á víddum ákaflega gagnleg.
- **Flokkunar á viðskiptamönnum:** Oft styðja flokkunar á viðskiptamönnum ekki við þau sjónarhorn sem notendur vilja sjá. Möguleg ástæða þess getur verið að flokkunin sé byggð á gömlum grunni og þjóni ekki lengur fyrirtækinu nægilega vel. Það er þó ekki alveg fyrirhafnarlaust að endurhanna og breyta viðskiptamannaflokkun í upplýsingakerfum. Að auki geta mismunandi skoðanir á hvaða flokkun skuli vera ráðandi. Með því að nota flokkunarmöguleikann á viðskiptamönnum í **Business Analytics** frá Annata gefst möguleiki á að búa til flokkunar sem draga fram þau sjónarhorn sem þörf er á. Fyrirtæki geta því stillt upp mismunandi flokkunum á viðskiptamönnum án þess að hrófla við grunnflokkuninni í upplýsingakerfinu.
- **Fjöldi tímabila í greiningum:** Hægt er að stilla hversu mörg tímabil (ár) eiga að vera sýnileg í teningunum. Notendur geta því alfarið stýrt því hvort í greiningum séu fá eða mörg tímabil.

Nánari upplýsingar má finna á <http://bi.annata.is>